

Nd.

181. Nefndarálit

[91. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir til að bæta fjárhag rafmagnsveitna ríkisins.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur haft frv. þetta til athugunar. Á fund nefndarinnar komu Jakob Gíslason raforkumálastjóri og Jón Sigurðsson deildarstjóri og gáfu upplýsingar um ýmis fjárhagsatriði Rafmagnsveitna ríkisins o. fl., er snertir frv. þetta.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins.

Á undanförnum árum hafa Rafmagnsveitur ríkisins verið reknar með halla, sem ýmist hefur verið jafnaður með lántökum eða komið fram í skuldasöfnun við ríkissjóð og ríkisábyrgðasjóð. Er rekstrarhalli þessi nú kominn yfir fimm tugi milljóna á ári. Þetta ástand verður að telja óviðunandi til frambúðar, og stefna ber að því að koma fjárhag þessara mikilvægu þjónustufyrirtækja þjóðarheildarinnar á öruggan grundvöll.

Þetta frv. er spor í þá átt, þar sem þær ráðstafanir, sem þar er gert ráð fyrir, munu verða til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins.

Er lagt til, að ferns konar ráðstafanir verði gerðar til fjáröflunar: í fyrsta lagi alger eftirgjöf lána, sem Rafmagnsveitum ríkisins hafa verið veitt á undanförnum árum skv. sérstakri heimild í fjárlögum, í öðru lagi greiðslufrestur á lánum, sem rafmagnsveiturnar hafa fengið úr raforkusjóði af eigin fé sjóðsins og frestun á greiðslu vaxta og afborgana af þeim lánum fyrst um sinn, í þriðja lagi eftirgjöf skuldar, sem Rafmagnsveitur ríkisins eru komnar í við Ríkisábyrgðasjóð, og í fjórða lagi að gera þeim fyrirtækjum, sem vinna raforku og/eða selja hana í heildsölu, að greiða verðjöfnunargjald til Rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins, og miðist gjaldið við magn afls og orku, sem hlutaðeigandi aðili hefur til sölumeðferðar, eins og nánar er tilgreint í frv. Er gert ráð fyrir, að tekjur af verðjöfnunargjaldinu nemi á árinu 1966 35 milljónum króna. Gert er svo ráð fyrir árlegri endurskoðun verðjöfnunargjaldsins og sé með slíkri endurskoðun komið í veg fyrir, að gjaldið hækki með vaxandi raforkusölu, en við það miðað, að heildarfjárhæð gjaldsins verði 35 milljónir króna.

Framangreindar ráðstafanir munu ýmist verða til þess að létta gjaldabyrði af Rafmagnsveitum ríkisins og héraðsrafmagnsveitum ríkisins, eða útvega þeim auknar tekjur, sem hvort tveggja mun verða til þess að bæta fjárhag þeirra og vinna á móti þeim hallarekstri, sem verið hefur á þessum fyrirtækjum.

Meiri hl. nefndarinnar telur hér vera stefnt í rétta átt og leggur til, að frv. verði samþykkt. Þó mun meiri hl. flytja á sérstöku þingskjali tvær breytingartillögur við frv. Er í annarri gert ráð fyrir, að gerðardómur sá, sem skipa skal samkv. 10. gr. frv. til að skera úr um ágreiningsatriði, sem upp kunna að rísa um mælingar eða útreikning gjaldstofns, skuli starfa á þeim stað, þar sem mæling, sem ágreiningur ris um, fer fram, en í hinni tillögunni er lagt til, að tillagna Sambands ísl. rafveitna sé leitað í sambandi við setningu reglugerðar samkv. 11. gr. frv.

Alþingi, 14. des. 1965.

Davíð Ólafsson,
form., frsm.

Sigurður Ingimundarson,
fundaskr.
Oddur Andrésson.

Jónas G. Rafnar.